

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um fjármagnstekjur einstaklinga.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hversu margir skattskyldir einstaklingar höfðu árið 2016 eftirfarandi fjármagnstekjur:
  - a. engar,
  - b. 1.000–500.000 kr.,
  - c. 500.001–1.000.000 kr.,
  - d. 1.000.001–2.000.000 kr.,
  - e. 2.000.001–5.000.000 kr.,
  - f. 5.000.001–10.000.000 kr.,
  - g. 10.000.001–20.000.000 kr.,
  - h. 20.000.001–50.000.000 kr.,
  - i. yfir 50.000.000 kr.?Óskað er að fram komi samanlagt fyrir einstaklingana í hverju tekjubili fjármagnstekjur þeirra, greiddur tekjuskattur af fjármagnstekjum, launatekjur, greiddur tekjuskattur af launatekjum og hrein eign.
2. Hversu mikið hefði greiddur fjármagnstekjuskattur í hverju tekjubili aukist ef tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga hefði verið:
  - a. 25% af fjármagnstekjum umfram 2.000.000 kr. á tekjuári,
  - b. 30% af fjármagnstekjum umfram 4.000.000 kr. á tekjuári?

Skriflegt svar óskast.